

Nr. 954

20. nóvember 2009

AUGLÝSING um starfsreglur um breytingu á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Við 1. gr. starfsreglnanna bætist ný 2. mgr. sem hljóðar svo:

Að jafnaði skal litið til þess, við skipun í embætti, að þrír mánuðir líði frá því að prestur er valinn til starfa þar til hann tekur við embætti, nema ef óskað er að fardagar séu virtir eða samkomulag náist um annað.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2010.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 2009.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjupings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 20. nóvember 2009.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2009